

## Minnisatriði dómara – Futsal

### Markvörður

- Muna að markvörður hefur einungis 4 sek. með bolta á **eigin** vallarhelmingi, með höndum eða fótum.
- Eftir að markvörður sendir boltann frá sér í markkasti (knöttur úr leik) verður boltinn að snerta mótherja áður en markvörður má snerta boltann aftur hvar sem er á leikvellingum.
- Eftir að markvörður sendir boltann frá sér í leik (kastar eða spyrnir) verður boltinn að snerta mótherja áður en markvörður má snerta boltann aftur á eigin vallarhelmingi.
- Markkast verður ætíð að kasta úr teignum.
- Markvörður má kasta á sjálfan sig úr **útkasti**, þ.e. þegar hann fær boltann í hendurnar og boltinn helst í leik (t.d. eftir að hafa varið skot).
  - Ath! Markvörður hefur þó einungis 4 sek með boltann á eigin helmingi, muna talninguna!
- Sýnið talningu með upprétta hendi þegar markkast er framkvæmt! Byrjað að telja um leið og markvörður er kominn inn í teig með vald á boltanum.
  - Athugið að einnig skal sýna talningu ef markvörður bíður utan vallar með boltann og tefur að leikur hefjist að nýju, upprétting handar og sýnileg talning viðheldur flæði í leiknum.

### Innspyrnur

- Munið að innspyrnur skal tekin á þeim stað á hliðarlínunni þar sem boltinn fór út af!
  - Verið snöggir að beina leikmanni á réttan stað, munið 4 sek regluna!
  - Teljið með uppréttri hendi. Talning hefst þegar leikmaður er kominn á réttan stað með boltann (við fætur eða í höndum).
- Boltinn skal vera á línunni eða allt að 25 cm fyrir utan leikvöllinn og vera kyrrstæður (innan skynsamlegra marka) þegar innspyrnur er framkvæmd.
- Spyrnandi verður að hafa hluta af öðrum fæti á hliðarlínunni eða utan vallar við framkvæmd innspyrnunnar, annars telst innspyrnur vitlaust framkvæmd.
  - Einföldun: Spyrnandi má hafa fót fyrir innan hliðarlínuna (hæll á línu sleppur).
- Mótherjar skulu vera 5 m frá leikmanninum sem framkvæmir innspyrnuna.
  - Viðurlög (viljandi verið nær en 5 m og farið fyrir boltann) eru óbein aukaspyrna og *áminning* á brotlega leikmanninn.
- Mótherji fær rétt á boltanum við vitlaust framkvæmda innspyrnu.
- Ekki er hægt að skora beint úr innspyrnu.

### Hornspyrna

- Munið að leikmenn hafa 25 cm hornboga í hornspyrnum (þó þeir séu sjaldnast merktir)!
- Mótherjar verða að vera 5 m frá hornboganum (þ.e. 5,25 m frá horninu).
  - Sé mótherji nær og fær boltann í sig skal hornspyrnan endurtekin! (*Engin agarefsing*).
- Sé leikmaður of lengi að taka hornspyrnuna, dæmist mótherja **markkast**.
  - Telið með uppréttri hendi, byrjið þegar leikmaður er kominn með boltann við hornið (þ.e. telst tilbúinn til að framkvæma spyrnuna).

### Aukaspyrnur (beinar), uppsöfnuð brot og hagnaður

- Einungis beinar aukaspyrnur telja til uppsafnaðra brota.
- **Varist að beita hagnaði**, nema upp *upplagt marktækifæri* sé að ræða!
  - Sé hagnaði beitt má alls ekki gleyma að gefa ritaborði til kynna að um uppsafnað brot sé að ræða!
- Hagnaði er að öllu jöfnu ekki beitt þegar brot leiðir til óbeinnar aukaspyrnu, enda sjaldan tilefni til.
- Þegar hámarksfjöldi uppsafnaðra brota hefur verið náð, er **besti hagnaðurinn** næstum alltaf fölginn í því að **dæma strax** á brotið, en ekki gefa merki um hagnað!
- Gefið ykkur tíma í að stilla upp vegg (5 m) og flautið aukaspyrnuna á, sér í lagi sé aukaspyrnur rétt fyrir utan teig andstæðinganna.
  - Dómurum er uppálagt að flauta aukaspyrnur á ef ekki er möguleiki á hraðri framkvæmd spyrnunnar.
- ALLS EKKI undir nokkrum kringum stæðum sýna talningu með uppréttri hendi í beinum aukaspyrnum!!!
  - Getur valdið misskilningi meðal leikmanna (bein/óbein spyrna).
  - Hafðið 4 sek regluna engu að síður í huga.

### Vítaspyrnur (6 m og 10 m)

- Í vítaspyrnum (6 m) verður markmaður að vera á marklínu og aðrir leikmenn utan spyrmandans að vera fyrir aftan boltann, minnst 5 m frá.
- Í uppsöfnuðum vítaspyrnum (10 m) má markvörður koma allt að 5 m að boltanum, annars sama framkvæmd og í venjulegum vítaspyrnum.
- Í báðum spyrnum verður að *tilgreina spyrmandann* áður en spyrnan er flautuð á.

### Óbeinar aukaspyrnur

- Óbeinar aukaspyrnur innan vítateigs mótherjanna færast styðstu leið út á vítateigslínuna.
- Mótherjar verða að vera minnst 5 m frá boltanum.
- **BÁÐIR DÓMARAR** gefa óbeina aukaspyrnu til kynna með því að halda öðrum handlegg beinum upp fyrir höfuð.

### Upphafsspyrna

- Boltinn verður að hreyfast fram á við við töku upphafsspyrnu (rétt eins og utanhúss).
- Ekki má skora beint úr upphafsspyrnu!
- Mótherjar verða að vera 3 m frá bolta.

### Hvað varðar leikbrot

- Futsal er íþrótt sem byggir upp á spili og hreyfanleika.
- Mun minna er því leyft af snertingum heldur en utanhúss!
  - Hafði það þó í huga að snertingar eru eðlilegur hluti af leiknum.
- Hikið ekki við að dæma á leikmann sem notfærir sér litlar snertingar til að stugga við mótherja.
  - Leggið línurnar strax svo leikmenn fylgi þeim eftir.
  - Varnarleikurinn á að byggjast á því að pressa og halda stöðu, ekki *yta, toga* eða *sparka*.
  - Oft mikið um litlar fótasneringar (nart í fætur, lítilsháttar spörk), reynið eftir fremsta magni að halda slíku spili í lágmarki með því að dæma á það.
- **Rennitæklingar** eru leyfðar...
  - En hafði það samt í huga að okkar hlutverk er að vernda leikmennina, bæði þann sem rennir sér og mótherja hans.
  - Hikið samt ekki við að dæma beina aukaspyrnu/vítaspyrnu ef rennandi snertir mótherja.
- Haldið veitingu á hagnaði í algjöru lágmarki, en veigrið ykkur þó ekki við að beita „bíða og sjá” tækninni.
  - Ef „bíða og sjá” er beitt, **verður** annað hvort að dæma innan 1-2 sek. eða gefa merki um hagnað, sé liðið komið í upplagt marktækifæri.
  - **ALLS EKKI** beita „bíða og sjá” og gera svo ekki neitt!

### Samstarf dómara

- Mikilvægt er að dómaramir séu meðvitaðir um staðsetningu meðdómara síns út í gegnum leikinn.
- Dómarinn á þeirri hlið sem boltinn fer útaf í innspyrnu skal eftir fremsta megni vera kominn á staðinn þar sem spyrman skal framkvæmd.
  - Meðdómarinn tekur sér stöðu í samræmi við staðsetningu spyrnunnar.
- Dómarinn á hliðinni á móti hornspyrnunni skal taka sér stöðu við endalínu, dómarinn á þeirri hlið sem hornið er tekið fylgist með framkvæmd spyrnunnar í línu við ytra vítamerkið.
- Munið að þið vinnið eftir allri hliðarlínunni og þið eigið að hafa leikinn á milli ykkar eins mikið og þið getið.
- Gangið út frá því að sá dómari sem dæmir vítaspyrnu eða uppsafnaða vítaspyrnu sé sá sem flautar þá spyrnu á
  - Hinn dómarinn tekur sér þá stöðu við endalínu.
  - Gott að notast einnig við þessa skiptingu í aukaspyrnum.
- Ræðið samstarfið *fyrir leikinn* og hafði í huga að þið eigið að hlaupa mikið.
- Ekki gleyma samvinnu við ritaborðið!
  - Varðar uppsöfnuð brot, rétta markatölu og réttan leiktíma.
- Og umfram allt...
  - **Hafið gaman af leiknum!**